

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 255/2018

2021/EES/62/34

frá 5. desember 2018

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301 frá 30. nóvember 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir samþykki og birtingu á lýsingunni og um dreifingu auglýsinga og breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 29ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004):

„– **32016 R 0301**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301 frá 30. nóvember 2015 (Stjtið. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 13).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 29bb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014):

„29bc. **32016 R 0301**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301 frá 30. nóvember 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir samþykki og birtingu á lýsingunni og um dreifingu auglýsinga og breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 (Stjtið. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/301, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.